

Japanar og forusta mannkynsins.

I.

Japanar eru sterkasta þjóðin sem nú er til á jörðu hjer. Á því getur varla vafi leikið. Kemur þar margt til. Skal fyrst telja það sem er undirstöðuatriði. Lífsþróttur hinna litlu gulu manna er meiri en hvíttra manna. Virðist mjer furðu gegna, hversu litla eftirtækt menn hafa í Vesturlöndum veitt þessu atriði. Í öðru lagi er mannfjöldinn. Einungis Rússar og Bandaríkjamenn eru, af hvítum þjóðum, fjölmennari en Japanar. Og engin þjóð er eins einhuga um þjóðlegt takmark og þeir; sterk trú á stórkostlegt hlutverk þjóðarinnar mun hvergi vera eins almenn og þar í landi. Engir eru vaskari hermenn og sjómenn en Japanar, og fjöldi þeirra sem sjóinn stunda er mjög mikill. Vit hafa Japanar til jafns við flestar þjóðir, og skilning þeirra á þýðingu vísinda og þekkingar fyrir þjóðþrif, má nokkuð marka af því, að þeir gerðu, fyrir ekki allfáum árum út menn til Evrópu, til þess að vita hvort þeir gætu ekki þar vestur í löndum fræðst um það

hvernig mætti nógu snemma þekkja vísindamannsefni, svo að þesskonar börnum yrði sem fyrst veitt það uppeldi, sem þeim yrði drýgst til að verða að sem mestu liði, þegar þau hefðu aldur til. En sendimennirnir fengu um þetta atriði litla fræðslu vestur hjer. Hafði því lítill gaumur verið gefinn. Fer því fjarri mjög, að menn hafi í löndum vestrænnar menningar, sem á þó svo mikið vísindunum að þakka, lært að bera skyn á hvar sju þau börn sem líkleg eru til að geta á fullorðinsárum unnið merkilegt starf í vísindaáttina. Hitt mun sönnu nær, að hjer vestur frá, geti menn verið komnir á elliár og hafa unnið jafnvel talsvert merkilegra vísindaverk en búast mátti við, eftir ástæðum, án þess nokkur hafi verulega veitt því eftirtækt að þar sje eitthvað, sem heppilegra hefði verið að skilja og styðja.

II.

Það virðist óhátt að fullyrða, að aldrei hafi í sögu mannkynsins verið líklegri vísir til heimsveldis, en Japan er nú. Vindi hinu sama fram sem verið hefir á jörðu hjer um herskap og heimsku, þá virðist augljóst hvað verða muni. Veldi Japana mun fara langt fram úr því sem mest hefir verið áður, heimsríkið japanska verður miklu stærra en jafnvel heimsríkið breska. Japönnum fjölgar miklu örur en nokkurri stórþjóð hvíttri, að Rússum einum undanteknum, og er jafnvel nú orðið of þröngt um þá heima fyrir í Japan. Og þegar um svo stórkostlega duglega og framfarahæfa þjóð er að ræða, þá er ekki við öðru að búast en stórkostlegum tilraunum til að færa út ríki sitt. Nú þegar hafa þeir náð þeim tökum á meginlandi Asíu, að torvelt mundi reynast að hrekja þá burtu þaðan. Virðast öll líkindi til, að fyr eða síðar, muni þeir ná yfirráðunum í hinu mikla kínverska ríki. Og prófessor Macmillan Brown, hinn vitrasti maður og ágætur landfræðingur — sem jeg hefi sagt nokkuð af í *Ennýal* — telur óhjákvæmilegt, að Japönnum muni einnig lenda saman við stærstu þjóðina hinum megin Kyrrahafsins. Hyggur hann að Japanar muni að vísu fara halloka fyrst í þeirri viðureign, en þó muni þeir bera hærra hlut þeg-

ar til lengdar lætur, meðal annars af því, að þeir hafi svo miklu fleiri ágætum sjómönnum á að skipa en Bandaríkin. Og enn er á það að líta, að í Bandaríkjunum er nú þegar 10. hver maður svertingi, og að svertingjum fjölgar þar langmest. En stríð við Japan væri alveg vonlaust fyrir þjóð, sem væri að miklu eða jafnvel mestu leyti, svört orðin.

III.

Jeg ætla ekki að reyna til að rekja það, á hvern hátt Japanar mundu leggja undir sig jörðina, en aðeins taka það fram, að fullnaðarsigur Japana mundi verða fullnaðarósigur hins hvíta mannkyns. Og þó að hin japanska þjóð sje að mörgu leyti mjög geðþekkt, t. d. fyrir þrifnaðar sakir og annara ágætra dygða, þá væru heimsyfirráð Japana ekki heppileg. Ósigur hins hvíta mannkyns mundi á endanum verða ósigur mannkynsins alls. Eða með öðrum orðum: Mannkynið mundi hjer á jörðu, aldrei ná því marki, sem því er ætlað að ná. En markið er það, að geta tekið rjettan þátt í lífinu í alheimi, svo að hver möguleiki til ills og afturfarar verði sigraður, en óendanlega sótt fram til ávalt aðri fullkomnunar. Hinn skapandi kraftur hefir um miljónir alda verið að beina jörð

vorri á þessa braut, snúið efninu til lífs, til vitundar, til sjálfsvitundar. Hjer átti að koma fram vera, sem gæti tekið þátt í sköpunarverkinu og tekið að sjer á rjettan hátt að stjórna lífinu hjer á þessari jarðstjörnu. Og á þúsund miljónum ára, tókst loks að skapa hjer mann, veru sem fór að taka þátt í sköpunarverkinu með öðrum hætti en nokkur forfaðir hennar eða fyrirrennari hafði gert. Á hundruðum áraþúsunda kom síðan fram manntegund eftir manntegund, en þó engin sem væri neitt nálægt því að geta tekið að sjer forustu lífsins hjer á þessum útjaðri, sem jörðin er. Það varð heldur á hinn veginn, að eftir að mannkynið er komið fram, versnar stórum sagan. Á þessu þarf að verða breyting og getur orðið. Margt bendir til þess að hinu norræna kyni sje það hlutverk ætlað að hafa forustu mannkynsins á hendi þannig að til sigurs verði barist og hëlför mannkynsins snúist í sigurför til ávalt glæsilegra lífs í samfjlagi við mannkyn og guði annarsstaðar í alheimi. Ennþá horfir þó heldur óvænlega um þetta mál alt. Án hjálpar sannleikans verður ekki sá sigur unnu, sem þarf til að komist verði af Helvegi. Og sannleikurinn er

einatt í litlum metum hafður, og því minni metum, sem hann er meira verður. En þó er engin vafi á því, að sannast mun hið fornkeðna að hann mun um síðir sterkastur verða.

Helgi Pjeturss.